



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Öldungaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Svar við fyrirspurn öldungaráðs um styrki tengda heilsueflingu eldra fólks

Á fundi öldungaráðs 11. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Sterkur er máttur heilsueflingar en fyrir utan líkamlegan og andlegan ávinning sem hlýst af hreyfingu þá vegur félagslegi þátturinn þungt í því að sporna gegn meinsemi 21. aldar - einmanaleikanum. Rannsóknir sýna fram á að markviss og skipulögð heilsuefling gerir fólki kleift að búa lengur heima hjá sér, hefur þannig forvarnargildi fyrir einstaklinginn, eflir bæði líkamlega og andlega heilsu sem eykur lífsgæði þeirra sem taka þátt. Öldungaráð Reykjavíkurborgar hefur áhuga á að vita umfang styrkja tengt heilsueflingu eldra fólks í borginni. Hvaða íþróttafélög fá styrki frá borginni til heilsueflingar eldra fólks í hverfum borgarinnar? Hversu há er upphæðin árlega síðustu fjögur árin og hve mikil hefur þátttakan verið yfir árið. Þá hefur öldungaráðið áhuga á að vita hversu há upphæð Reykjavíkurborg styrkir sundleikfimi á ári síðustu fjögur árin eftir sundlaugum og hver þátttakan hefur verið. Að lokum hefur öldungaráðið áhuga á að vita hvort borgin styrki aðra tegundir heilsueflingar en þeirra sem íþróttafélög sinna. Ef svo er, hvaða heilsuefling er það, hvar er hún stunduð og hvað er upphæðin há?

Svar við fyrirspurn:

Íþrótt- og tómstundasvið býður upp á leikfimi hjá Víkingi í Víkinni tvisvar í viku, Vítamín í Val einu sinni í viku, Kraftur í KR tvisvar í viku. Betri borgarar Fylkis tvisvar í viku. Korpúlfar í Fjölni tvisvar í viku í Egilshöll, þar af jafnframt opið fyrir göngufólk alla daga. Leikfimi í Íþróttamiðstöð ÍR og Íþróttamiðstöð Ármanns tvisvar í viku. Greiðsla vegna þjálfara og leigu á íþróttahúsum seinustu fjögur árin var 13.040.000.-

Boðið er uppá sundleikfimi í Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöll og Vesturbæjarlaug alls 18 tíma á viku, 2-3 sinnum í viku í hverri laug. Kostnaður vegna þjálfara, leigu o.fl. er 40.0 mkr. á þessum fjórum árum. Ekki eru til aðsóknartölur um þátttöku.

Ekki eru aðrar styrkveitingar á vegum menningar- og íþróttasviðs til félaga vegna heilsueflingar eldra fólks.

Til þess að fylgja eftir skýrslu um heilsueflingu eldri borgara, þá óskaði ÍTR eftir 10.0 mkr. í fjárhagsáætlun til að geta stutt frekar við heilsueflingu eldri borgara í hverfum borgarinnar. Ekki fékkst fjármagn í þetta verkefni.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri menningar- og íþróttasvæði.